



BORGARBYGGÐ

Gjaldskrá Hjálmakletts

2026

Hjálmaklettur Menningarhús

Veislusalur

Afnot af sal 2klst.	44.000kr.-	
Afnot af sal hálfur dagur.	77.000kr.-	
Afnot af sal heill dagur.	111.000kr.-	
Hver auka klst.	22.000kr.-	
Afnot af eldhúsi.	22.000kr.-	
Afnot af sal og eldhúsi.	66.000kr.-	
Afnot af sal og eldhúsi hálfur dagur.	99.000kr.-	
Afnot af sal og eldhúsi heill dagur.	133.000kr.-	
Afnot af sal degi áður.	22.000kr.-	

Tónleikar m.v. 4 klst.	88.000kr.-	Ein æfing innifalin.
Hver auka klst.	22.000kr.-	
Auka æfing.	22.000kr.-	

Dansleikir.	188.000kr.-	
-------------	-------------	--

Speglasalur.

Afnot af sal 2 klst.	5.500kr.-	
Afnot af sal hálfur dagur.	11.000kr.-	
Afnot af sal heill dagur.	22.000kr.-	
Auka klst.	2.200kr.-	

Skólastofur.

Afnot af skólastofu 2klst.	22.000kr.-	
Afnot af skólastofu hálfur dagur.	44.000kr.-	
Afnot af skólastofu heill dagur.	66.000kr.-	

Önnur þjónusta.

Hægt er að óska eftir uppröðun á borðum og/eða stólum, panta þarf þá þjónustu um leið og salurinn er bókaður. Sú þjónusta kostar 22.000kr- og leggst ofan á leiguverð. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að leigutaki sjái alfarið um uppsetningu og frágang á salnum. Gengið skal frá salnum alveg eins og komið var að honum.

Einnig er hægt að óska eftir aðstoð tæknimanns/ hljóðmanns og er sú þjónusta greidd eftir gjaldskrá viðkomandi. Ef þið óskið eftir slíkri þjónustu þá er mjög gott að nefna það við umsjónarmann um leið og salurinn er bókaður.

Hægt er að óska eftir kaffiveitingum eða veislupjónustu frá Hótel Vesturlandi. Annað hvort má hafa beint samband við Halldóru í síma 8576377 eða í tölvupósti á halldora@hotelvesturland.is eða Bjarna í síma 8681388.

Skyldur leigutaka.

Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og öðrum innanstokksmunum meðan á leigutíma stendur. Borgarbyggð hefur heimilid til að krefja leigutaka um greiðslu kostnaðar á því tjóni sem kann að verða á meðan húsnæðið er í umsjá leigutaka.

Leigutaki ber ábyrgð á að skila salnum í sama ásigkomulagi og tekið var við honum, það á við um uppröðun og frágang á stólum og borðum. Þrífa skal salinn, gólf, borð og stóla. Fjarlægja skal allt rusl og annað tutl og fara með í tilskildar tunnur.

Leigutaki ber ábyrgð á því að afla allra tilskilinna leyfa frá opinberum aðilum, og ber að óska eftir tækifærisleyfi vegna viðburða sem og dyravörslu og gæslu.

Stefgjöld eru ekki innifalin í leigu og innheimtast sérstaklega.

Borgarbyggð hefur heimild til að krefja leigutaka um viðbótargreiðslu vegna þrifa sem nemur allt að 111.000kr.-

Hagnýtar upplýsingar.

Hátíðarsalurinn er stór og flottur og rúmar allt að 350 manns í sæti, á salnum eru tveir stórir gluggar sem hægt er að draga frá eða fyrir eftir hvað hentar hverju sinni. Á salnum eru einnig færanlegir veggir, svo hægt er að opna salinn og loka eftir stærð viðburða og stemmningu - einnig er hægt að hafa salinn opinn að hluta til bara allt eftir tilfinningu og hentisemi leigutaka. Ef að veggur í enda salsins er opnaður blasir við eitt fegursta fjall landsins - Hafnarfjallið.

Í salnum er púlt með innbyggðum hljóðnema, allt að 4 handfrjálssir hljóðnemar, úrvals hljóðkerfi, skjávarpi, stórt tjald og ljósabúnaður.

Leigutakar hafa aðgang að 10 stórum hringborðum, auk 16 minni hringborða. 44 langborðum, u.þ.b. 500 stólum sem hægt er að raða upp eins og hver vill. Í salnum er einnig borðbúnaður fyrir ca. 250 manns, ýmsar tegundir af vínglösum, vatnskönnur og blómavasar, tveir stórir hitapottar (fyrir súpur), tveir stórir kælar til að geyma ýmist drykki eða matvöru.

Með aðgangi að eldhúsi, fylgir afnot af stórum ofni, kaffivélum, uppvottavél og öllum tilheyrandi búnaði að frátöldum lausamunum á borð við krydd og annað kruðurí sem kann að leynast þar í skápum og skúffum.

Ef um **endurtekna** leigu er að ræða er hægt að semja sérstaklega um verð eftir fjölda skipta á því leigutímabili sem um ræðir.

Íþrótta-, tómstunda- og æskulýðsfélög sem og góðgerðarsamtök fá 25% afslátt af leiguverði fyrir fundarhöld.

Hægt er að bóka húsnæðið allt að ár fram í tímann en eigi lengur.

Verðskrá getur tekið breytingum.

Frekari upplýsingar veitir Kolbrún Ást Bjarnadóttir Björnsson, umsjónarmaður Hjálmakletts í síma 7702782 eða á netfanginu hjalmaklettur@menntaborg.is.